

Fundur í skólaráði Grunnskóla Grindavíkur 6.júní 2013 kl. 16:30

Mættir voru: Rósa og Valdís fulltrúar kennara, Margrét fulltrúi nemenda, Geirlaug og Sigurður fulltrúi foreldra, Halldóra skólastjóri og Guðbjörg aðstoðarskólastjóri sem ritaði fundargerð.

1. Bréf hefur borist til skólaráðs frá menntamálaráðuneyti

Þar er um að ræða eftirfylgni á úttekt frá s.l. vori og er verið að kalla eftir mati á umbótaáætlun. Svara þarf ráðuneytinu fyrir 24.júní 2013.

2. Hugað að næsta skólaári

Halldóra sagði frá umsjón næsta vetrar. Fyrstu bekkirnir verða tveir og þar er síðan reiknað með 3ja kennara inn í ísl. Og stæ. Og unnið með árganginn í heild. Þrír fjórðu bekkir verða og níundi bekkur verður sameinaður í tvo bekki. Lögð áhersla á að umsjónarkennarar líti á árganginn sem heild og stefni að auknu samstarfi og sveigjanleika og breytingu á hópunum.

3. Sjálfsmatsskýrslan

Halldóra fór yfir stöðuna og hvað hefur verið gert í vetur. Verið er að vinna Gæðagreina – innra mat, starfsmannaviðtöl og úrvinnslu auk uppgjörs á skólaárinu þar sem starfsmenn fóru yfir hvað hefur verið vel gert og hvað má betur fara auk þess að koma með hugmyndir fyrir næsta skólaár.

4. Önnur mál

a) Samræmd lestrarstefna fyrir skólann verður send rafrænt til fulltrúa skólaráðs.

b) Drög að skólastefnu verða kynnt á fundi fræðslunefndar 19.júní n.k. Skólanámskrá verður síðan unnin á næsta skólaári.